

Höfundar / bækur mánaðarins mars 2019




Unglingastig – Skóladraugurinn eftir Ingu Mekkin Beck. Fyrsta daginn í nýja skólanum heyrir Gunnvör söguna um skóladrauginn – gömlu söguna sem allir krakkarnir kunna utan að og eru löngu hættir að taka mark á. En Gunnvör hlustar. Það gæti nefnilega komið sér vel fyrir hana ef draugar eru til. Spennandi saga um dularfulla atburði sem hlaut íslensku barnabókaverðlaunin árið 2016.

Miðstig – Hrikalega skrýtnar skepnur er fantasíu bókaflokkur þar sem aðalsöguhetjurnar eru Úlfur, Tíbrá og Orson. Úlfur býr á **SGIMS** sem er stofnun gegn illri meðferð á skepnum en þar eiga tröll, álfar, púkar og varúlfar öruggt skjól. Úlfur er varúlfur, Tíbrá er álfamær og Orson er tröll sem aðstoðar þau í ýmsum vandræðum sem þau rata í.



Yngra stig – Bækurnar um Geronimo Stilton. Aðalhetja bókanna og sögumaður er mús sem er blaðamaður á Músahafnafréttum og lendir í ýmsum ævintýrum. Góð blanda af texta og myndum. Bókaflokkurinn er með mjög skemmtilega vefsíðu,

www.geronimostilton.com



Solveig Gísladóttir, skólasafni Lindaskóla